

LÖG

um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 45/1998, með síðari breytingum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða III í lögnum:

- a. Í stað dagsetningarinnar „23. apríl 2005“ kemur: 8. október 2005.
- b. Við málsgreinina bætast tveir nýir málslíðir, svohljóðandi: Þrátt fyrir ákvæði 1. málsl. þessarar málsgreinar getur samstarfsnefnd, sbr. 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða II í lögnum, ákveðið með að lágmarki $\frac{2}{3}$ hlutum greiddra atkvæða og að höfðu samráði við félagsmálaráðuneytið að atkvæðagreiðsla fari fram fyrir þann tíma, enda sé það mat nefndarinnar að tillaga um sameiningu viðkomandi sveitarfélaga fái næga kynningu meðal íbúa fyrir kjördag. Samstarfsnefndin skal koma saman eins fljótt og unnt er til að taka ákvörðun um kjördag og tilkynna ráðuneytinu niðurstöðu sína eigi síðar en 20. maí 2005.

2. gr.

Við 2. málsl. ákvæðis til bráðabirgða V í lögnum bætist: ef liðnir eru meira en sex mánaðir frá atkvæðagreiðslu um tillögu sameiningarnefndar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. er heimilt að láta fara fram atkvæðagreiðslu um sameiningu Borgarbyggðar, Borgarfjarðarsveitar, Hvítársíðuhrepps, Kolbeinsstaðahrepps og Skorradalshrepps 23. apríl 2005 í samræmi við ákvörðun samstarfsnefndar um sameiningu þessara sveitarfélaga.

Gjört í Reykjavík, 22. mars 2005.

Davíð Oddsson.

Halldór Blöndal.
(L. S.)

Markús Sigurbjörnsson.

Árni Magnússon.